

Handslökkvitæki

Slökkva má minniháttar eld með handslökkvitæki en ávallt skal leggja áherslu á að rýma íbúðina og forðast meiðsl og reykeitrun.

Léttvatnstæki eru góð alhliða slökkvitæki og er óhætt að mæla með þeim á heimilum og í stigagöngum fjölbýlishúsa.

Duftslökkvitæki eru öflug og mjög áhrifarík á flesta elda. Þau eru hentug í bifreiðar.

Kolsýrutæki eru góð á eld í eldfimum vökvum og rafmagnselda.

Kolsýra og duft slökkva ekki í glóð. Léttvatnstæki gera það á hinn bóginn. Til er sjálfvirkur slökkvibúnaður til að setja inn í rafmagnstæki, svo sem sjónvarpstæki.

Staðsetning

- Slökkvitækið á að festa á vegg með tilheyrandí búnaði um 15 sentímetra frá gólf. Miðað er við að setja tækin á flóttaleið og sem næst útgöngum.
- Tækin eru öryggistæki og eiga að vera sýnileg og aðgengileg þegar gengið er um híbýli svo allir viti hvar þau eru ef nauðsynlegt reynist að nota þau.

Slökkvitæki hafa takmarkaðan líftíma. Lesið vel leiðbeiningar um notkun og uppsetningu og leitið upplýsinga og ráðgjafar hjá seljendum, til dæmis um viðhald tækjanna.



Eldvarnateppi

Talsverð eldhætta fylgir notkun olíu og feiti í eldhúsum og því er nauðsynlegt að hafa eldvarnateppi í eldhúsini. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar um notkun þess og staðsettningu.

Ef eldur kvíknar í í olíu á pönnu eða í potti er nauðsynlegt að bregðast rétt við:

- Alls ekki má skvætta vatni á eldinn – það veldur sprengingu.
- Reynið ekki að koma logandi potti/pönnu út.
- Leggið eldvarnateppi yfir logandi pott/pönnu og þéttið að uns eldurinn hefur slokknað.
- Slökkvið undir hellunni ef þið getið. Sé eldavélin með sléttu helluborði má færa pottinn/pönnuna varlega af hellunni.

Staðsetning

Á sýnilegum og aðgengilegum stað í eldhúsi.

Neyðarnúmer 112



Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands starfar eftir lögum nr. 68/1994 og er í sameign einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Einn helsti tilgangur félagsins er að stuðla að eflingu brunavarna og slökkviða og styðja alhliða forvarnastarf í sveitarfélögum.

Eldvarnir heimilisins

GARÐA ÞIÐ GUÐLÖNSON / FORTSOFAN / MYNDIR KRISTJÁN MACK



Reykskynjarar bjarga mannslífum

Manntjón og meiðsl af völdum eldsvoða verða oftast þar sem eldur kemur upp þegar íbúar eru í fasta svefni. Það ætti því að vera fyrsta verk þess sem hugar að eldvörnum á eigin heimili að tryggja að fjölskyldan verði sem fyrst vör við eld og reyk í íbúðinni. Virkir reykskynjarar eru einföld og ódýr leið til þess. Skynjarar sem nema hita, gas og kolsýring auka mjög á öryggi þar sem það á við.

Tegundir reykskynjara

Reykskynjarar, tveir eða fleiri, eiga skilyrðislaust að vera á hverju heimili og virka þegar á reynir.

Til eru tvær megingerðir reykskynjara og borgar sig að hafa báðar á heimilinu.

Jónískir reykskynjarar bregðast skjótt við reyk og eru góðir alhliða reykskynjarar í flest rými á heimilum. Þeir eru einnig næmir fyrir raka, hita og brælu frá matargerð og henta því ekki í þvottahús og eldhús.

Optískir reykskynjarar bregðast einnig skjótt við reyk en eru ekki eins næmir fyrir örðrum breytingum og henta því vel til dæmis í eldhús. Í alrými er gott að hafa bæði jónískan og optískan skynjara.

Staðsetning reykskynjara

Best er að hafa reykskynjara í öllum rýmum. Reykskynjara á að minnsta kosti að setja upp framan við eða í hverri svefnálmu og á hverri hæð á heimilinu. Í langan gang skal setja skynjara við báða enda og í svefnherbergi, að minnsta kosti þar sem rafmagnstæki eru. Æeskilegt er að hafa reykskynjara í bílskúr. Sé bílskúr samþyggður íbúðarhúsi er best að tengja reykskynjarann þar reykskynjurum í íbúðinni.

Reykskynjara á að staðsetja sem næst miðju lofts, aldrei nær vegg eða ljósi en sem nemur 20 sentímetrum, og hann má aldrei setja í kverkina á milli lofts og veggjar.

Ef óhjákvæmilegt er að setja reykskynjarann á vegg verður að vera 10-25 sentímetra bil frá lofti og niður á skynjarann.

Viðhald og endurnýjun reykskynjara

Reykskynjari virkar með rafhlöðu en hann þarf að prófa reglulega, helst ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Það er gert með því að styðja fingri á þróunarhnappinn þar til viðvörunamerki heyrist.

Ef stutt hljóðmerki heyrist frá reykskynjaranum á um það bil mínuðu fresti þarf að endurnýja rafhlöðuna. Endurnýja þarf rafhlöðuna að minnsta kosti árlega og er gott að gera það alltaf á sama tíma, til dæmis í byrjun aðventu. Nauðsynlegt er að prófa skynjarann þegar skipt hefur verið um rafhlöðu. Líftími reykskynjara er áætlaður um það bil tíu ár en mælt er með tiðari endurnýjun.

Aðrir skynjarar

Hitaskynjarar nema hita en ekki reyk. Þeir geta verið heppilegir í bílskúra. Þá á að staðsetja eins og reykskynjara.

Gasskynjarar skynja gas og eru nauðsynlegir þar sem hætta er á gasleka, til dæmis þar sem gas er notað til eldunar. Leitið leiðbeininga um staðsetningu hjá seljendum. Gasskynjara þarf að endurnýja á fimm ára fresti og þeir koma ekki í stað reykskynjara.

Kolsýringsskynjarar greina þegar óvenjulega mikill kolsýringur myndast. Best er að setja skynjarann í loft, tvo til þrjá metra lárétt frá gastækinu og 30 sentímetrum frá vegg. Kolsýringsskynjarar eiga við þar sem eru tæki sem brenna gasi til eldunar eða upphitunar, svo sem í sumarhúsum og ferðabílum.

Samtengdir skynjarar

Unnt er að tengja marga reyk- og hitaskynjara saman og er það æskilegt í stórum húsum því þá gera allir skynjarar viðvart um leið og einn fer í gang. Samtengdir, þráðlausir reykskynjarar geta hentað mörgum. Einnig er vert að benda á þann möguleika að setja upp vöktuð viðvörunarkerfi.



Ítarlegar upplýsingar fylgja þegar keyptir eru skynjarar og er fólk hvatt til þess að kynna sér þær rækilega. Leitið ráðgjafar hjá seljendum.

Gerið einfalda flóttáætlun

Vitað er að allt of fáar íslenskar fjölskyldur hafa gert áætlun um hvernig þær hyggjast rýma húsnæði sitt ef eldur kemur upp. Slík áætlun getur þó ráðið úrslitum um hvort allir komast heilir út.

Æskilegt er að öll fjölskyldan taki þátt í að gera flóttáætlun og æfa hana síðan reglulega. Foreldrar og forráðamenn bera að sjálfsögðu ábyrgð á rýmingu íbúðarinnar og ber að forðast að ræða þannig við börn um eldvarnir að það skapi ótta.

Í flóttáætlun er nauðsynlegt að gera ráð fyrir:

- Tveimur greiðum leiðum út úr íbúðinni og húsinu. Stundum þarf að koma fyrir neyðarstiga úr glugga eða af svölum til að tryggja tvær flóttaleiðir.
- Að allir viti að þeir eigi að fara út um leið og elds verður vart. Hringt er á slökkvilið í 112 eins fljótt og auðið er en forgangsatriði er að koma öllum út.
- Fyrirfram ákveðnum stað þar sem allir hittast þegar út er komið.

Brýnið fyrir ungum börnum að þau megi ekki fela sig inni í skáp eða undir rúmi!

Flóttaleiðir í fjölbýlishúsum eiga að beina fólk í stigaganga en ekki í lyftur. Lyftur má aldrei nota í eldsvoða því þær geta stöðvast á þeirri hæð sem eldurinn er og fyllst af reyk.